

# MINNISBLAÐ

<b>Til</b>	<b>Framkvæmdastjóra SORPU bs.</b>
<b>Frá:</b>	<b>Rekstarstjóra Urðunarstaðar og gashreinsistöðvar</b>
<b>Dagsetning</b>	<b>9.2.2022</b>
<b>Starfseining</b>	<b>Urðunarstaður</b>
<b>Efni:</b>	<b>Urðun og urðunarmörk.</b>

## 1. Urðun og urðunarmörk

Urðun í janúar 2022 voru rúm 6.000 tonn. Með því áframhaldi verður búið að fullnýta urðunarmörk eigendasamkomulags og þar með starfsleyfis urðunarstaðar um mánaðarmótin maí/júní. Af því voru 480 tonn lífrænn úrgangur ef ekki er tekið tillit til lífræns innihalds í böggðuðum úrgangi. Beðið er eftir niðurstöðum baggarannsóknar sem framkvæmd var í 24. nóvember 2021.

Rúmur helmingur af lífræna efninu er sláturúrgangur. Þó hefur tekist að flytja rúm 56% af öllum sláturúrgangi austur í Orkugerðina í janúar. Gerð úrgangs og afkastageta Orkugerðarinnar ræður því hvað er flutt. Gera má ráð fyrir að urða þurfi rúm 5.000 tonn af lífrænum úrgangi án tillits til baggaðs úrgangs á árinu 2022. Þar af tæp 3.000 af sláturúrgangi.

Í reglubundnu eftirliti umhverfisstofnunar 23.11.2021 upplýstu eftirlitsaðilar SORPU um að stofnunin gæti farið að beita stjórnvaldssektum við brotum á starfsleyfi með innleiðingu nýrrar reglugerðar. Urðunarmörk starfsleyfis miða við eigendasamkomulag. Í starfsleyfi urðunarstaðar er ekki kvöð um að hætta urðun á lífrænu á árunum 2022 og 2023. Það mikilvæga markmið er því ekki á svig við starfsleyfið sem slíkt.

**TAFLA 1: URÐUN OG URÐUNARMÖRK.**

Ár	Urðunarmörk (tonn)	Urðun (tonn)
2018	120.000	147.000
2019	120.000	131.000
2020	120.000	105.000
2021	78.000	94.000
2022	38.000	70.000*
2023	38.000	38.000**

\*Áætluð urðun á árinu 2022.

\*\*Með brennslufarvegi/úrflutningi

## 2. Tiltækt rúmmál

Rein 20 er komin að hæðarmörkum og er urðun hafin í urðunarrein 19, en hún er ósprengd. Urðunarrými á svæði í kringum rein 20 var mælt í júní 2021 og var það um 330 þúsund m<sup>3</sup>. Með því að færa vigtarskúr og aðstöðu urðunarverktaka má auka það rúmmál í tæpa 500 þúsund m<sup>3</sup>. Til samanburðar var hönnunarstærð reinar 20 þegar hún var tekin í notkun á árinu 2018 um 680 þúsund

m<sup>3</sup>. Þessar reinar hafa því töluvert minna rúmmál vegna þess hversu hátt yfir sjávarmáli svæðið er, án rúmmálsauka með því að dýpka/sprengja klöpp eins og gert var í rein 20..

